2. <u>Fuglalífið á Silungapolli.</u>

2 blöð.

# Þjófalífið að Silungapolli.

Eins og kunnugt er hefir Odd-Fellowfélagið haft barnaheimili sitt að Silungapolli síðan 1931; eru það aðeins „fátæk og veikluð börn", sem þar dvelja um tveggja mánaða skeið um miðsumarið kostnaðarlaust fyrir þau og aðstandendur þeirra. Að þessu sinni eru þar 72 börn og er rúmlega helmingur þeirra á vegum Reykjavíkurbæjar.

Þess má geta til frekari upplýsinga um starfsemi þessa, að hún var hafin sumarið 1918 að Brennistöðum í Borgarfirði og er hún því hin fyrsta hér á landi, sem hafin er börnum til sumardvala í sveit. Hið stóra og veglega hús að Silungapolli var byggt 1930 og rann og verk er stofnun þessi ætluð öldnum og óbornum börnum Reykjavíkurbæjar til heilsubótar ~~(sið)~~ á byrjunarstigi berklaveikinnar og til varnar því að þau fái þessa hættulegu veiki og árangurinn hefir reynst ágætur. Stofnun þessa má því telja eign barnanna um aldur og æfi, þótt henni sé haldið við og hún sé starfrækt af félögum O.F. reglunnar, sem ekki einungis leggja mikið fé af mörkum í þessu skyni, heldur og árlega ~~mikið~~ veglegt verk ~~(árlega)~~ án eins eyris borgunar.

Það væri því eigi til ofmikils mælzt, þótt þess væri krafizt, að slík stofnun sem þessi, væri friðhelg fyrir hverskonar áreitni, innbrotum og þjófnaði óráðvandra mannhrafla, en því er ekki að heilsa. Árið 1932 var brotizt inn í húsið og þar stolið miklum fjármunum, m.a. miklum sængurfatnaði, borðbúnaði fyrir 50-60 manns o. fl. Nú í vetur var þrívegis brotizt þar inn og stolið ýmsu, m.a. sængurfatnaði, en svo var frágangurinn og viðskilnaður þorparanna svo hræðilegur, að því er naumast unnt að lýsa: Upp voru brotnar 9 hurðir með þjófalyklum, herbergi
2 tekin til notkunar og sýnilega um lengri tíma, 4 næturgögn skilin eftir ~~[illegible]~~ full með þvagi og náðhúsin full af þrekki sjálfra þorparanna. Á borðunum voru skildar eftir nöguð bein, hundablóð og hnífur, eins og þarna hefðu ræningjar

Meðal annars þess, er börnin að Silungapolli hafa fyrir stafni þar efra er það, að þau eru daglega látin gefa hinum mikla fjölda fugla er þar hefst við að sumrinu til, nóg brauð og aðra fæðu. Eftir að drengur einn Hr. Guðb. er hefir það hlutverk á hendi. Hann lætur brauðið á vatnsbakkann einnig út í skrúðgarðinn sem þar handa fuglunum og silungunum til að gæða sér á, og ávalt er það horfið á skammri stundu eða að morgni. Þá sér hann og um öll þau fuglahreiður að hann eða önnur börn finna í hrauninu, lætur til þeirra grjón, mjúkt brauð og smjör, sem lóur, þrestir og aðrir fuglar geta sér gott af. Engan fugl, silung eða aðra skepnu má áreita, heldur hafa það að boðorðum og veit ég enga gleði innilegri meðal barnanna þar en þá, að vita öll þessi dýr una sambýli hjá sínum í hinu friðhelga landi þeirra eða legi.

Hér vil ég nú sýna mynd þessa góða drengs og fara fram á það að þorparar þeir og þjófar er sýnt hafa vesaldóm sinn og varmennsku í því að saurga þennan friðhelga stað fátækra og veiklaðra barna, að sýni nú karlmennsku sína með því að gefa sig sjálfir fram og láta sína eigin mynd – svo fallega sem hún kann að sýnast – svo að menn geti borið hana saman við mynd hins góða og saklausa drengs. Mun þá væntanlega sjást, hvorir hafi göfugri mann að geyma: fátæki, fallegi drengurinn, sem hugsar um það eitt að hjálpa hinum saklausu vesalingjum, en hinsvegar „ljótu karlarnir", sem draga sitt auma líf fram með því að lifa á annara sveita, stela frá ~~saklausum~~ fátækum og veikluðum börnum og drepa, myrða og særa saklaus og varnarlaus dýr í landi og í legi.

Komið með myndina ykkar, þorparar og þjófar!

Drengurinn hefir ekkert að fela, hvorki fyrir guði né mönnum, en þið hafið allt að fela, illar hugsanir ykkar, ljót orð og skammarlegan verknað!